

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka allt að 920 000 þús. kr. af langtímaskuldum Orkubús Vestfjarða vegna niðurfellingar á verðjöfnunargjaldi af raforku enda gefi Orkubú Vestfjarða þar á móti út skuldabréf til handa ríkissjóði að fjárhæð 400 000 þús. kr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka allt að 30 000 þús. kr. af langtímaskuldum Rafveitu Siglufjarðar vegna niðurfellingar á verðjöfnunargjaldi á raforku enda gefi Rafveita Siglufjarðar þar á móti út skuldabréf til handa ríkissjóði að fjárhæð 15 000 þús. kr.

38. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 700 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að fjármagna greiðsluhalla ríkissjóðs á árinu 1986.

Jafnframt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að semja við Seðlabanka Íslands fyrir árslok 1986 um skuldbreytingu á umsömdum lánnum ríkissjóðs í bankanum.

39. gr.

Lántökuheimildir samkvæmt I. kafla gilda á árinu 1987. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1988 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 13. október 1986.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.